



HAFNARFJARDARBÆR
SKIPULAGS- OG BYGGINGAFULLTRÚI
Strandgötu 8-10, 220 Hafnarfjörður
Sími 585 5600 Fax 585 5609

Hafnarfjarðarbaer
Innk: 23.12.16
Málsnr: 1612 350
Frátt: 52.1

Umsókn um byggingarleyfi

Afgreiðsla skipulags- og byggingarfulltrúa

1. Umsækjandi

Nafn umsækjanda/eiganda	Kennitala	Heimilisfang	Netfang
JÓN FINARSSON	130266-4879		
þRASTARÁS 39	221 HFJ.		
jes. crew @ icelandair.is			

2. Lóð

Heiti	Nr.	Staðgreinir	Matshlut	Landnúmer
þRASTARÁS	39			

3. Tegund byggingar / framkvæmdar

<input type="checkbox"/> Einbýlishús	<input checked="" type="checkbox"/> Parhús	<input type="checkbox"/> Raðhús	<input type="checkbox"/> Fjölbýlishús	<input type="checkbox"/> Atvinnuhúsnæði
<input type="checkbox"/> Skilti	<input checked="" type="checkbox"/> Annað,hvað?	SVALASKÝLI		

4. Framkvæmd sem sótt er um

Aðrar upplýsingar varðandi framkvæmd	Framkvæmd	Aðalbyggingarefnir
SVALALOKUN SEM FELLSI É FRAMLENGINGNU A KVÍSTI ÞANNIG AD SVALIR FALLI UNDIR ÞAU	<input type="checkbox"/> Ný framkvæmd /nýbygging <input type="checkbox"/> Viðbygging <input type="checkbox"/> Breyting inni <input checked="" type="checkbox"/> Breyting úti	<input type="checkbox"/> Steinsteypa <input checked="" type="checkbox"/> Timbur <input type="checkbox"/> Stál <input checked="" type="checkbox"/> Gler

5. Meðfylgjandi gögn og upplýsingar varðandi umsókn

<input type="checkbox"/> --- Uppdráttarblöð í þríriti	<input checked="" type="checkbox"/> Samþykki nágrenna	<input type="checkbox"/> Frávik frá skilmálum/breyting á landnotkun
<input type="checkbox"/> Mæliblað	<input type="checkbox"/> Ástandsskýrsla	<input type="checkbox"/> Umsógn Húsfríðunarnefndar rikisins
<input type="checkbox"/> Hæðarblað	<input type="checkbox"/> Breytingar á eignaskiptum	<input type="checkbox"/> Vottunbyggingareininga
<input checked="" type="checkbox"/> Bréf umsækj./hönnuða	<input type="checkbox"/> Starfsleyfisskyld atvinnustarfsemi	<input type="checkbox"/> Skráningartafafla
<input type="checkbox"/> Samþykki meðeig. /-lóðarhafa	<input type="checkbox"/> Brunavarnaupprættir	<input type="checkbox"/> Gátlisti

6. Undirritun

Við byggingarframkvæmdir sem sótt er um verður farið eftir ákvæðum byggingarlaga, byggingarreglugerðar og annarra laga og reglugerða sem við eiga.

I fullu umboði lóðarhafa, staður

dagsetning: 23.12.16

Nafn	Kennitala	Heimilisfang	Netfang/Sími
Jón finnur	1302664879	8958037	

Kvittun fyrir móttöku

21.des. 2016

Til skipulags-og byggingafulltrúa !

Enn er sótt um að loka svölum að Prastarási 39. Málið hefur þæfst nokkuð í kerfinu og nú er niðurstaða fengin. Því miður hefur undirritaður talið sig hafa fengið óvandaða málsmæðferð og bærinn sett fram rangfærslur í málinu.


Til að nefna dæmi þá er í meðfylgjandi bréfi frá úrskurðarnefnd umhverfis og auðlindamála undir liðnum málavextir fullyrt af hálfu bæjarins að allir samþykkir kvistir snúi að götu en kvistur undirritaðs að bakgarði. Þetta er alls ekki rétt þar sem kvistur undirritaðs er byggður samkvæmt samþykktum teikningum af hálfu bæjarins og stangast þetta því fullkomlega á við ofangreinda fullyrðingu.

Breyting sú sem undirritaður hyggst framkvæma er eingungis um tveggja metra fram lenging á númerandi kvisti og því óveruleg útlitsbreyting. Því ber að líta á umsókn þessa sem tilkynningu um framkvæmdir samkvæmt 4. Breytingu á byggingarreglugerð nr. 112/2012 útgefin 29.april 2016

Rétt er að áréfta að úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála er æðsti dómur í skipulagsmálum.

Virðingarfyllst,


Jón Einarsson



Árið 2016, fimmudaginn 24. nóvember, kom úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála saman til fundar í húsnæði nefndarinnar að Skuggasundi 3, Reykjavík. Mættir voru Ómar Stefánsson varaformaður, Ásgeir Magnússon dómstjóri og Þorsteinn Þorsteinsson byggingarkerfræðingur.

Fyrir var tekið mál nr. 22/2015, kæra á synjun skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar frá 24. mars 2015 á umsókn um byggingarleyfi fyrir svalaskýli á þakhæð hússins að Þrastarási 39, Hafnarfirði.

Í málinu er nú kveðinn upp svofelldur

úrskurður:

Með bréfi til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 15. apríl 2015, er barst nefndinni sama dag, kær Jón Einarsson, Þrastarási 39, Hafnarfirði, synjun skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar frá 24. mars 2015 á umsókn hans um byggingarleyfi fyrir svalaskýli á þakhæð hússins að Þrastarási 39. Er þess krafist að ákvörðunin verði feld út gildi.

Gögn málsins bárust frá Hafnarfjarðarbæ 13. maí 2015.

Málavextir: Árið 2010 lagði kærandi í tvígang fram fyrirspurn til skipulags- og byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar um hvort heimilað yrði að stækka kvist á húsi hans að Þrastarási 39 en í þeim skiptin fékk hann neikvætt svar. Í seinna skiptið óskoði hann eftir rökstuðningi sem var á þá leið að stækkan kvists væri hvorki í samræmi við deiliskipulag né byggingarreglugerð, þar sem rýmið myndi ekki uppfylla skilyrði um lágmarkshæð herbergja og nýtingarhlutfall lóðarinnar fær umfram heimildir deiliskipulagsins. Þá snúi kvisturinn að bakgarði nágranna en aðrir kvistir sem hafi verið samþykktir snúi allir að götu eða opnuð svæði. Hinn 6. mars 2015 sótti kærandi um leyfi til þess að byggja svalaskýli á þakhæð nefndis húss með því að fram lengja þakkvisti og loka honum með gleri í brautum. Á afgreiðslufundi skipulags- og byggingarfulltrúa, 18. mars. s.á. var erindinu vísad til skipulags- og byggingarráðs sem tók málið fyrir 24. s.m. og hafnaði erindinu með vísan til fyrra afgreiðslna vegna fyrirspurna kæranda.

Málsrök kæranda: Kærandi telji að engin efnisleg rök séu fyrir hinni kærðu synjun skipulags- og byggingarráðs, enda ákvörðun ráðsins órókstudd. Arkitekt hússins hafi teiknað breytingarnar og samþykki liggi fyrir frá nágranna að Þrastarási 37. Um se að raða mjög minimalíska breytingu sem sé í fullu samræmi við byggingarreglugerð. Breyting þessi hafi engin áhrif á götumynd, enda snúi umræddar svalir að baklóð. Eins skyggi umræddar breytingar á engan hátt á nærliggjandi garð eða auki útsýni yfir hann frá því sem nú sé. Hagsmunið kæranda séu miklar í málinu vegna rakaskemmda á neðri hæð frá svölumum. Svalirnar sléttfyllist af snjó sem breytist í krappa þegar hláni og þá leki. Svalalokum sé því nauðsynleg til að verja húsið fyrir leka.

Kærandi telji að þessar breytingar falli vel að deiliskipulagi þar sem í hverfinu séu alls konar útbyggingar leyfðar. Þá sé rétt að áréttu að kvistur og svalir séu byggðar samkvæmt samþykktum teikningum frá bæjaryfirvöldum.

Málsrök Hafnarfjarðarbæjar: Af hálfu sveitarfélagsins er vísað til þess að fyrirhuguð framkvæmd samræmist ekki gildandi deiliskipulagi, sem samþykkt hafi verið í bæjarstjórn Hafnarfjarðar 9. apríl 2002. Húsið sé parhús og um það gildi skilmálar merktir P1 í skipulaginu. Svalaskýli teljist í skráningartöflu lokaðar svalir í höfuðflokk S og lokunarflokk A samkvæmt skilgreiningu Fasteignaskrár. Hér sé því ekki um B-lokun að ræða.

Niðurstaða: Í máli þessu er deilt um þá ákvörðun skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar um að synja umsókn kæranda um leyfi til að byggja svalaskýli á þakhæð húss hans með því að framlengja þak á kvisti og loka honum með gleri í brautum.

Á umræddu svæði er í gildi deiliskipulag frá árinu 2002. Þar er hús kæranda skilgreint sem húsgerð P1, parhús á einni hæð, og samkvæmt skilmálum deiliskipulagsins má grunnflötur húss ekki vera stærri en nemur 40% af grunnfleti lóðar. Þá er heimilað að nýta rými í rishæð, rúmist það innan tilskilinna hæðarmarka, og er hámarksþærsluhæð húsgerðarinnar 5 m frá gólfplötu. Svalaskýlið, sem kærandi óskaði að reisa, myndi vera í lokunarflokk A samkvæmt IST 50:1998 og því myndi sú breyting hækka nýtingarhlutfall lóðar kæranda. Hins vegar myndi það ekki teljast til stækkunar á grunnfleti húss og færi því ekki gegn skipulagsskilmálum að því leyti, en í skipulaginu eru ekki sett tiltekin mörk á nýtingarhlutfall. Þá verður ekki sér að lokun svala og stækjun kvists, auki grenndaráhrif, svo sem vegna yfirsýnar á lóð nágranna, umfram þau sem þegar eru til staðar vegna þaksvalanna á húsi kæranda. Þá gilda ákvæði gr. 6.7.6. í byggingarreglugerð nr. 112/2012 um lágmarkshæð herbergja ekki um þakrými í húsi kæranda, þar sem af fyrirliggjandi teikningum verður ráðið að þakrýmið sé nýtt sem geymslurými, og því ekki hægt að synja umsókn hans á þeim forsendum.

Með vísan til alls þess sem að framan er rakið verður að telja að rökstuðningi hinnar kærðu synjunar sé svo áfatt að ekki verði hjá því komist að fella hana úr gildi.

Uppkvæðing úrskurðar í máli þessu hefur dregist verulega sökum mikils fjölða mál a sem skotið hefur verið til úrskurðarnefndarinnar.

Úrskurðarorð:

Felld er úr gildi hin kærða synjun skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar á umsókn kæranda um byggingarleyfi fyrir svalaskýli á þakhæð hússins að þrastarási 39.

Ómar Stefánsson
Ómar Stefánsson

Asgeir Magnússon
Asgeir Magnússon

Þorsteinn Þorsteinsson
Þorsteinn Þorsteinsson

21.des 2016

Við undirritaðir nágrannar Jóns Einarssonar veitum fullt samþykki fyrir þeim breytingum sem hann hyggst standa fyrir á svalabyggingu.

þrastarás 37:

Ólafur Ólafsson 290362-5909.
Margret Ólaf Guðjonsdóttir 011067-5229

þrastarás 41

Ólafur Steinsdóttir 290764-6969
Haukur Eiðsson 131167-5479